
Alifuglabú Jarlsstöðum, Rangárþingi ytra Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 24. mars 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Rangárbúi ehf. um fyrirhugaða byggingu kjúklingabús á Jarlsstöðum í Rangárþingi ytra samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.10 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Alifuglabú Jarlsstöðum. Tilkynning framkvæmdar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu. Mars 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Rangárþingi ytra með tölvupósti dags. 12. apríl 2017
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 29. mars og 15. maí 2017.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 18. apríl 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. apríl 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 11. og 19. apríl og 3. maí 2017.

Fyrirhuguð framkvæmd

Í greinargerð Rangárbús kemur fram að fyrirhuguð uppbygging kjúklingabús felist í byggingu tveggja alifuglahúsa sem hvort um sig verði að hámarki 2.000 m² með stæði fyrir um 30.000 kjúklinga ásamt allt að 300 m² þjónustuhúsi. Heildar stærð búsins verður því um 4.300 m² alls með stæðum fyrir 60.000 kjúklinga. Uppbyggingin verður á um 8 ha svæði úr jörðinni Jarlsstöðum en jörðin er alls um 900 ha að stærð. Framkvæmdasvæðið er fremur flatt, gróðursnautt og víða sandorpið hraun og er ekki á náttúruverndarsvæði og þar eru engar þekktar fornminjar. Vatnsvernd er á hluta jarðarinnar og er framkvæmdasvæðið eins og það er skilgreint í deiliskipulagi í um 1.000 m fjarlægð frá mörkum vatnsverndarsvæðisins.

Markmið framkvæmdarinnar er að styrkja landbúnaðarstarfsemi á býlinu og svara aukinni eftirspurn eftir kjúklingakjöti í landinu.

Meðferð hæsnaskíts

Fram kemur að magn hæsnaskíts sem falli til frá sambærilegri starfsemi hefi verið mælt árið 2006. Mælingarnar hafi sýnt að u.þ.b. 0,73 kg af hæsnaskít falli til frá hverjum fugli á 7 vikna fresti (sem er það tímabil sem er á milli útmoksturs úr húsum) sem samsvari 5,4 kg af hæsnaskít frá hverjum



fugli á ári. Heildarmagn hænsnaskíts sem falli til á búinu á Jarlsstöðum yrði samkvæmt þessu um 324 tonn á ári. Reiknað er með að hvert tonn af hænsnaskít innihaldi 2,5 kg N. og heildarmagn köfnunarefnis yrði því 810 kg á ári. Samkvæmt starfsreglum um góða búskaparhætti megi dreifa 170 kg N/ha/ári og þurfi því u.þ.b. 4,8 ha lands til að taka við árlegu magni skíts. Ætlunin sé að nota skítinn sem áburð á jörðinni, sem er alls 917 ha, og að miklu leyti lítt gróin og þarfnist uppgræðslu. og þannig verður komið í veg fyrir flutning skíts af svæðinu.

Fram kemur að þegar aðstæðum hátti þannig að ekki sé unnt að dreifa áburði beint á fyrirhuguð uppgræðslusvæði verði hann geymdur í hauggeymslu. Samráð hafi verið haft við Landgræðsluna sem sé reiðubúin til að taka við búfjáraáburði þegar ekki sé heimilt að dreifa honum. Með þessari ráðstöfun sé því verulega dregið úr því magni sem til falli frá búinu og notað verði sem áburður á nærsvæði búins. Utan þess tíma verði borið á þau sandsvæði sem víða séu í landi Jarlsstaða. Unnin verði áætlun um nýtingu áburðar á jörðinni til 5 ára í senn í samvinnu við Landgræðslu Ríkisins og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Settir hafi verið skilmálar um nýtingu úrgangsins á jörðinni í deiliskipulagi.

Umhverfisáhrif

Neysluvatn

Í greinargerð kemur fram að rekstur kjúklingabúa eins og gert sé ráð fyrir að reisa á Jarlsstöðum sé í eðli sínu þurr starfsemi þar sem mikil undirburður sé notaður ásamt gólfhita þannig að skíturinn verði frekar þurr. Frárennsli verði leitt í hreinsivirki.

Við vinnslu deiliskipulags vegna búins hafi komið fram áhyggjur um hugsanlega mengun í vatnsbólum við Kerauga og Tvíbytnulæk. Til þess að kanna hættu á grunnvatnsmengun frá búinu framkvæmdu Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) ferilefnaathugun en niðurstöður hennar sýni að ekki sé talin hættu á mengun grunnvatns. Engu að síður hafi verið sett skilyrði um meðferð úrgangs, hauggeymslu og fráveitu í deiliskipulagi. Hænsnaskít verði dreift utan vatnsverndarsvæða, sem einungis séu á hluta jarðarinnar.

Í **umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands** kemur fram að þrátt fyrir að niðurstöður ferilefnagreiningar bendi til þess að hættu á mengun grunnvatns vegna húsdýraáburðar sé ekki mikil, þá telji Heilbrigðiseftirlitið, með hliðsjón af mikilvægi vatnstökusvæðanna við Tvíbytnulæk og Kerauga, nauðsynlegt að vakta vatn í ofangreindum vatnsbólum í tiltekinn tíma eftir að búið er komið í fullan rekstur. Þetta þurfi að gera til að ganga úr skugga um að mengunarvarnir fyrirtækisins og mótvægisáðgerðir vegna meðhöndlunar og geymslu húsdýraáburðar séu fullnægjandi.

Framkvæmdaraðili leitaði til ÍSOR um ráðgjöf vegna umsagnar Heilbrigðiseftirlitsins. Í svörum ÍSOR kemur fram að þekking á vatnsbóla- og vatnsverndarsvæði Vatnsveitu Rangárpings ytra og Ásahrepps við Tvíbytnulæk og Kerauga sé mjög góð. Fyrir forgöngu Vatnsveitunnar voru gerðar umfangsmiklar athugarnir á vatnafarinu, rennslismælingar á lindum og lækjum, hita- og rafleiðnimælingar og ferilefnaprófanir með víðtækri sýnatöku og greiningum. Aðalútkoman úr þessum rannsóknum var sú að ferilefni, sem sett hafi verið niður í landi Jarlsstaða og í Tjarnalæk, komu ekki fram á sýnatökustöðunum. Ferilefni, sem sett var í Minnivallalæk, sýndi hins vegar grunnvatnssreymi þaðan og til vatnsbólsvæðisins. Grunnvatn virðist því ekki streyma frá áætluðum stað kjúklingabúsins í landi Jarlsstaða og í átt að Kerauga eða Tvíbytnulæk. Það fer að öllum líkindum til suðurs í átt að Rangá. Virðast vera vatnaskil í grunnvatninu milli Tjarnalækjar og Minnivallalækjar og áfram til suðvesturs þannig að land Jarlsstaða lendi að mestu eða öllu leyti utan vatnasviðs vatnsbólanna. ÍSOR mælir með því að eftirlit verði með þeim hætti að fjórum sinnum á ári verði gerð gerlagreining og magngreining á ákveðnum efnafræðilegum þáttum sem skilgreindir eru í reglugerð um neysluvatn en í eitt skiptið verði þó gerð heildarefnagreining á vatninu.



Í frekari umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er fallist á að ekki sé þörf á sérstakri vöktun neysluvatns umfram þá sem Heilbrigðiseftirlitið framkvæmir reglulega.

Lyktarmengun Í greinargerð kemur fram að mörk fyrirhugaðs byggingarreits séu í ríflega 300 m fjarlægð frá jarðamörkum Jarlsstaða þar sem næst er.

Gert sé ráð fyrir því að á þeim árstíma þar sem dreifing skíts fari fram sé það gert með um fimm vikna millibili. Þar sem skíturinn sé fremur þurr sé mjög lítil lyktarmengun og hún standi einungis yfir rétt meðan á dreifingu standi. Þess utan sé byggð alls staðar í meira en eins kílómetra fjarlægð frá þeim svæðum sem græða eigi upp með dreifingu skíts. Jafnframt sé ríkjandi vindátt NA-átt og muni lykt því dreifast að þeim svæðum þar sem lengst sé í byggð. Um landbúnaðarsvæði sé að ræða svo íbúum ætti ekki að koma á óvart lykt af skít öðru hverju þegar honum sé dreift yfir sumartímann. Engu að síður verði leitast við að dreifa skítum á virkum dögum þegar minni líkur séu á viðveru í nærliggjandi sumarhúsum.

Rangárþing ytra, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun Íslands og Umhverfisstofnun álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif skuli ekki matsskyld.

Skipulag og leyfisveitingar

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022 og samþykkt deiliskipulag og er háð byggingaleyfi Rangárþings ytra skv. 13. gr. skipulagslaga og byggingareglugerð. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Niðurstaða

Um er að ræða byggingu kjúklingabús á Jarlsstöðum í Rangárþingi ytra fyrir allt að 60.000 kjúklinga. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.10 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrir liggur að hæsnaskítur sem dreift verður er þurrt efni og er óheimilt að dreifa honum innan 300 m fjarlægðar frá frístundabyggð eða íbúðarhúsum. Því eru með hliðsjón af framlögðum gögnum litlar líkur á lyktarmengun og ónæði almennt vegna dreifingar skítsins að mati Skipulagsstofnunar.

Fyrir liggur að skilmálar í deiliskipulagi svæðisins gera ráð fyrir að ekki skuli dreifa skít þar sem jarðvegsdýpt er minni en 30 cm og sprungur eru í berggrunninum. Þá eru skilmálar þess efnis að ekki skuli dreifa nær vatnsbólum en 50 m. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að þegar húsdýraáburði er dreift þá verði sýnd sérstök aðgát við dreifingu í nágrenni vatnsbóla og vatnsverndarsvæða. Samkvæmt upplýsingum frá ÍSOR virðist grunnvatn ekki streyma frá áætluðum stað kjúklingabúsins í landi Jarlsstaða og í átt að Kerauga eða Tvíbytnulæk. Það fer að öllum líkindum til suðurs í átt að Rangá. Því eru hverfandi líkur á að starfsemin muni hafa neikvæð áhrif á neysluvatn í nágrenninu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Rangárbú ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktílhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.



Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. júní 2017.

Reykjavík, 16. maí 2017

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson